

Fundargerð fræðsluráðs

164. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 1. september kl. 15 haldinn í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður, Þorsteinn Guðmundsson varamaður og Elísa Ýr Sverrisdóttir varamaður.

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn kl. 15:10 og fer yfir starfsemi skólans, stöðu á þróunarverkefni, starfsmannamál.
2. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra mætir á fundinn kl. 15:30 og fer yfir breytingar á skólareglum.
3. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri tónlistarskólans mætir á fundinn kl. 15:50 og fer yfir starfsemi skólans á haustönn.
4. Bréf til fræðsluráðs vegna gervigrasvallar við Grunnskóla Húnaþings vestra.
5. Skólalæping sveitarfélaga sem haldið verður 2. nóv. n.k.

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans og Elsche Oda Apel fulltrúi foreldra mæta á fundinn. Fjárhagsáætlun rædd. Það lítur út fyrir fjölgun nemenda eftir áramót. Staða þróunarverkefnisins er að verkefnastjóri var nýlega með gott námskeið. Nú er verið að flokka allt málörvunarefni innan skólans til að gera starfið markvissara. Farskólinn bauð upp á raunfærnimat fyrir starfsfólk leikskóla. Leikskólastjóri benti á þörf á íslenskukennslu fyrir erlenda íbúa sveitarfélagsins í samstarfi við farskólann.

2. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans, Laura Ann Howser fulltrúi kennara og Ína Björk Ársælsdóttir fulltrúi foreldra mæta á fundinn. Drög að breytingum á skólareglum Grunnskóla Húnaþings vestra kynntar. Drögin rædd, fræðsluráð samþykkir breytingar á skólareglum samhljóða. Skólastjóri ræddi nýtt námsmat og vinnu framundan við endurskoðun á stefnu skólans.

3. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri tónlistarskólans mætir á fundinn. Skólastjóri greindi frá starfsemi skólans það sem af er hausti. Nemendaígildi eru 113, þar af 11 í leikskóla, kennsla frá tónlistarskóla er vikulega í leikskólanum. Kennarar eru 9 talsins að skólastjóra meðtöldum, skólastjóri lýsir yfir ánægju sinni með starfsmannahópinn. Skólastjóri ræddi þann húsnæðisvanda sem tónlistarskólinn er og hefur verið í. Fræðsluráð ítrekar að móta þurfi framtíðarstefnu fyrir tónlistarskólann með tilliti til húsnæðis.

4. Bréf vegna eittraðs dekkjakurils á gervigrasvellinum við Grunnskóla Húnaþings vestra ásamt ályktun stjórnar Heimilis og skóla um endurnýjun gervigrasvalla vegna eiturefna í dekkjakurli. Fræðsluráð leggur til við sveitarstjórn að fjarlægð verði skaðleg efni á völlum við Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga og á Borðeyri og fundin önnur viðunandi efni.

5. Bréf vegna skólaþings sveitarfélaga kynnt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:08

Magnús Magnússon

Esther Hermannsdóttir

G. Kristín Ólafsdóttir

Valdimar Gunnlaugsson

Þorsteinn Guðmundsson

Elísa Ýr Sverrisdóttir

